

Tillögur vísindanefndar um breytingar á matskerfi rannsókna og þjónustu

Inngangur

Breytingatillögur þessar endurspeglar þær áherslur sem fram koma í *Stefnu Háskóla Íslands 2006 til 2011*. Tillögurnar taka til þeirra kafla í matsreglum Háskóla Íslands sem fjalla um rannsóknir (liður A) og þjónustu (liður D).

Forsendur mats

Mat á ritverkum byggist almennt á tveimur meginþáttum, a) ritrýniaðferðum, b) dreifingu, aðgengi og áhrifum. Þegar efni birtist á viðurkenndum ritrýndum vettvangi er litið svo á að mat á efnisöflun, frumleika og framlagi til nýrrar þekkingar hafi þegar farið fram. Ritrýniaðferðir eru fullnægjandi þegar grein eða annað efni er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg og efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði.

Auðkenning ritverka

Ritverk og annað efni sem ekki er merkt Háskóla Íslands með fullnægjandi hætti er ekki metið til stiga.

Skipting stiga á milli höfunda

Þegar um fjölhöfundaefni er að ræða gildir sérstök deiliregla. Deilireglan gildir fyrir flokka A2, A3, A4, A5 og A8. Reglan gerir ráð fyrir því að aðalhöfundur (corresponding author) fái öll stig ritverks óskert, en meðhöfundar fá stig deilt með kvaðratrót af höfundafjölda. Dæmi: Grein er metin til 20 stiga og höfundar eru þrír. Kvaðratrótin af þremur er 1,73. Aðalhöfundur fær 20 stig en hinir tveir fá hvor um sig $20/1,73$ eða 11,5 stig. Sjá má fleiri dæmi um það hvernig stig skiptast á milli höfunda í töflu 1. Í einstaka tilvikum eru tveir aðalhöfundar (corresponding author) að sömu greininni. Í slíkum tilvikum fá báðir óskipt stig greinarinnar þar sem um samstarf fleiri rannsóknahópa er að ræða.

Tafla 1

	1. höf./aðalhöf.	2 höfundar	3 höfundar	4 höfundar	5 höfundar	10 höfundar	20 höfundar	50 höfundar	100 höfundar
Ritverk, 5 stig	5	3,5	2,9	2,5	2,2	1,6	1,1	0,7	0,5
Ritverk, 10 stig	10	7,1	5,8	5	4,5	3,2	2,2	1,4	1
Ritverk, 15 stig	15	10,6	8,7	7,5	6,7	4,7	3,4	2,1	1,5
ISI grein	20	14,1	11,5	10	8,9	6,3	4,5	2,8	2
ISI, 10% efstu	25	17,7	14,4	12,5	11,2	7,9	5,6	3,5	2,5

A – RANNSÓKNIR

A1 Lokaritgerðir

A1.1 Doktorsritgerðir (30 stig)

Doktorsritgerðir eru ávallt metnar til 30 stiga.

A2 Bækur

A2. Bækur (0-100 stig)

Mat á bókum í öllum neðangreindum flokkum byggist á þeim matsforsendum sem um er getið í inngangi. Yfirlýsing eða aðrar upplýsingar frá forlagi um fyrirkomulag ritrýni þurfa að liggja fyrir.

A2.1. Alþjóðleg akademísk útgáfa (≤ 100 stig).

Bækur gefnar út af virtustu akademísku forlögum heims. Sjá dæmi um slík forlög í *Leiðbeiningum með matsreglum*.

A2.2. Alþjóðleg ritrýnd útgáfa og innlend útgáfa með alþjóðlega skírskotun (≤ 75 stig).

A2.3. Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem ekki hefur alþjóðlega skírskotun (≤ 50 stig).

Útgáfa hjá viðurkenndum útgáfuaðilum.

A2.4. Önnur útgáfa (≤ 25 stig).

Útgáfa þar sem ritrýni er viðhöfð en er ekki nafnlaus, sbr. matsforsendur að framan.

A2.5 Endurútgáfa (≤ 10 stig).

Aðeins endurútgáfa með breytingum er metin til stiga.

A3 Bókakaflar

A3 Bókakaflar (0-20 stig)

A3.1 Alþjóðleg akademísk útgáfa (20 stig).

Kaflar í bókum gefnum út af virtustu akademísku forlögum heims. (sjá A2).

A3.2 Alþjóðleg ritrýnd útgáfa og innlend útgáfa með alþjóðlega skírskotun (15 stig).

A3.3 Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem ekki hefur alþjóðlega skírskotun (10 stig).

Útgáfa hjá viðurkenndum útgáfuaðilum.

A3.4 Önnur útgáfa (0-5 stig).

Útgáfa þar sem ritrýni er viðhöfð en er ekki nafnlaus, sbr. matsforsendur að framan.

A4 Tímaritsgreinar

A4.1 Grein birt í ISI-tímariti (20-25 stig)

Svokölluð ISI tímarit eru alþjóðleg vísindatímarit sem skráð eru í sérstaka gagnagrunna á vegum *Thomson Scientific*. Greinar í slíkum tímaritum gefa 20 stig en greinar birtar í tímaritum með áhrifastuðul (impact factor¹) í efstu 10% í sínum flokki, ef frá eru talin yfirlitsgreinatímarit, fá 25 stig. Yfirlitsgreinar eru alltaf metnar til 20 stiga.

A4.2 Grein birt í öðru ritrýndu tímariti (5, 10 eða 15 stig)

¹ Um Impact factor, sjá: <http://scientific.thomson.com/free/essays/journalcitationreports/impactfactor/>

Greinar birtar í öðrum ritrýndum tímaritum eru flokkaðar í þrjá flokka sem gefa 5, 10 eða 15 stig.

A5 Greinar í ráðstefnuritum

A5 Ráðstefnurit (10, 5 eða 3 stig)

A5.1 Grein birt í ráðstefnuriti í úrvalsflokki (10 stig).

Ritrýndar greinar í ráðstefnuritum sem koma reglulega út og eru viðurkennt birtingarform á viðkomandi fræðasviði. Slík ráðstefnurit skulu vera aðgengileg í alþjóðlegum gagnagrunnum. Dæmi um þess háttar gagnagrunna er að finna í *Leiðbeiningum með matsreglum*.

A5.2 Grein í alþjóðlegu ráðstefnuriti (5 stig).

A5.3 Grein í öðru ráðstefnuriti (3 stig). Ráðstefnurit þar sem ritrýni er viðhöfð en er ekki nafnlaus, sbr. matsforsendur að framan.

Að hámarki er hægt að fá tvær greinar í sama ráðstefnuriti metnar til stiga í flokkum A5.2 og A5.3. Útdrættir og lengdir útdrættir eru ekki metnir til stiga.

A6 Fyrirlestrar og veggspjöld

A6 Fyrirlestrar og veggspjöld (1-5 stig)

A6.1 Plenum fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu (5 stig).

A6.2 Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (3 stig).

A6.3 Erindi á alþjóðlegri ráðstefnu (3 stig).

A6.4 Erindi á erlendri málstofu (1 stig).

A6.5 Erindi á innlendri ráðstefnu (2 stig).

A6.6 Erindi á málþingi (1 stig).

A6.7 Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu (2 stig).

A6.8 Veggspjald á innlendri ráðstefnu (1 stig).

Einungis sá sem kynnir fær stig, þó með þeirri undantekningu að kennarar og sérfræðingar fá stig sé framlag kynnt af stúdent þeirra og er stigafjöldi þá reiknaður samkvæmt almennri deilireglu og miðað við að höfundar séu tveir. Vegna A6.1 og A6.2 þarf boðsbréf að liggja fyrir. Að hámarki er hægt að fá tvö framlög á sömu ráðstefnu, veggspjald og/eða erindi, metin til stiga.

A7 Ritstjórn

A7.1 Ritstjóri vísindatímarits (3-5 stig)

Einungis er metin ritstjórn ritrýndra tímarita. Ritstjórn tímarits sem gefið er út af alþjóðlegri útgáfu er metin til 5 stiga, en ritstjórn landsútgáfu 3 stig.

A7.2 Ritstjóri bókar (3-5 stig)

Einungis er metin ritstjórn ritrýndra bóka. Ritstjórn bókar sem gefin er út af alþjóðlegri útgáfu er metin til 5 stiga, en ritstjórn bókar sem gefin er út af landsútgáfu er metin til 3. stiga.

A8 Annað

A8.1 Skýrslur (0-3 stig).

Forsendur mats eru umfang efnisöflunar, frumleiki og framlag til nýrrar þekkingar. Ritrýndar, útgefnar skýrslur (working papers, útgáfuraðir háskóla með útgáfunúmeri, skýrslur í prentskilum, t.d. með ISBN númeri).

Skýrslur geta einnig verið metnar undir lið D4.

A8.2 Ritdómar (0-2 stig)

Ritdómur í ritrýndu tímariti.

A8.3 Þýðingar (0-10 stig)

Fræðilegir inngangar þýðinga eru metnir til stiga í samræmi við flokk A3 (bókakaflar). Þýðingar á bókum og greinum eru metnar til stiga sé verkið á fræðasviði viðkomandi og innlegg í fræðilega umræðu. Endurútgáfa verks á öðrum tungumálum er ekki metin til stiga.

A8.4 Einkaleyfi (15 stig)

Aðeins birt einkaleyfi eru metin til stiga. Ekki eru veitt stig fyrir endurbirt einkaleyfi eða einkaleyfaumsóknir.

A8.5 Nýsköpun og tengsl við atvinnu- og þjóðlíf (0-20 stig)

A8.5.1 Sprotafyrirtæki, hönnun, nýsköpun og þekkingaryfirfærsla (0-20 stig). Mat byggist á hefðbundnum matsforsendum, sbr. inngangskafla reglna þessara. Þekkingaryfirfærsla af þessu tagi er metin til stiga þegar stofnun fyrirtækis eða gerð samnings felur í sér birtingu nýrrar þekkingar eða nýsköpun í vísindum.

A8.5.2 Hugbúnaður (0-20 stig). Aðeins er metinn til stiga hugbúnaður sem felur í sér sannanlega nýja þekkingu á lausnum í hugbúnaðargerð og hefur ekki birst áður. Birtingarformið er hugbúnaður með dreifingu erlendis annað hvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (open source).

A8.5.3 Sálfræðiþróf (0-5 stig). Aðeins eru metin til stiga próf sem eru útgefin, aðgengileg og fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

A8.5.4 Lagafrumvörp (2 stig). Einungis formaður nefndar eða aðalhöfundur fær stig. Aðeins eru metin til stiga lagafrumvörp sem fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

Nýsköpun og tengsl við atvinnu- og þjóðlíf geta einnig verið metin í kafla um þjónustu D5-D7.

A9 Tilvitnanir

Tilvitnanir sem getið er um í ISI gagnagrunnum eru metnar til stiga á eftirfarandi hátt:

Fyrstu 10 tilvitnanir: 1 stig/tilv.

Næstu 20 tilvitnanir: 0,5 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 30: 0,1 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 2000: 0,05 stig/tilv.

Hægt er að óska eftir að tilvitnanir í bókum og tímaritum sem ekki eru skráð í ISI gagnagrunnum verði metnar til stiga.

A10 Styrkir

A10 Styrkir úr samkeppnissjóðum (0-20 stig/ár)

Heildarupphæð styrkja úr rannsóknasjóðum utan Háskóla Íslands. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi Háskólans eða tengdra stofnana.

Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær stig nema ef samkomulag er um annað.

Stigamat:

1 stig fyrir 0,5 - 1,999 millj/ár

2 stig fyrir 2 - 3,999 milljónir/ár

3 stig fyrir 4 - 6,999 milljónir/ár

4 stig fyrir 7 - 9,999 milljónir/ár

Síðan er gefið 1 stig fyrir hverjar 10 milljónir/ár en að hámarki 20 stig/ár.

D. ÞJÓNUSTA

D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (2-5 stig)

Formennska/seta í ráðstefnunefnd.

D2. Opinber matsstörf (0-2 stig)

Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

D3. Seta í nefndum eða stjórnnum (0-2 stig)

Utan Háskóla Íslands.

D4. Álitsgerðir og skýrslur (0-5 stig)

Skýrslur gefnar út án formlegrar ritrýni eða óútgefnar skýrslur og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan Háskóla Íslands. Skýrsla verður að vera aðgengileg matsnefnd til þess að vera metin til stiga.

D5. Hugbúnaður (0-10 stig)

Hugbúnaðurinn þarf að fela í sér hagnýta hugbúnaðargerð og hafa dreifingu innanlands eða erlendis annað hvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (open source).

D6. Fræðsluefni fyrir almenning (0-10 stig)

D6.1 Greinar í tímaritum og dagblöðum, efni almenns eðlis og fyrirlestrar.

D6.2 Upplýsingamiðlun og álitsgjöf.

D7. Sprotafyrirtæki (0-50 stig)

Metin eru sprotafyrirtæki og leyfissamningar við aðila utan Háskóla Íslands. Þegar nokkur reynsla er komin á starfseminu, t.d. að fimm til tíu árum liðnum, er heimilt að endurmeta sprotafyrirtækið eða leyfissamninginn til allt að 50 þjónustustiga til viðbótar. Við matið er litið til þátttöku starfsmanna og nemenda, eignarhalds og sýnileika Háskóla Íslands í tengslum við verkefnið.

D8. Styrkir frá öðrum en samkeppnissjóðum (0-20 stig)

Heildarupphæð styrkja frá aðilum utan Háskóla Íslands. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi Háskólans, eða tengdra stofnana. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær stig nema ef samkomulag er um annað.

Stigamat:

1 stig fyrir 0,5 - 1,999 milljón/ár

2 stig fyrir 2 - 3,999 milljónir/ár

3 stig fyrir 4 - 6,999 milljónir/ár

4 stig fyrir 7 - 9,999 milljónir/ár

Síðan er gefið 1 stig fyrir hverjar 10 milljónir/ár en að hámarki 20 stig/ár.

LAGT TIL AÐ FLYTJIST Í LIÐ B. - KENNSLA

Seta í doktorsnefnd (3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga

Andmælandi við doktorsvörn (3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

LAGT TIL AÐ FLYTJIST Í LIÐ C. - STJÓRNUN

Formaður í dómnefnd/valnefnd (2/3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

Seta í dómnefnd/valnefnd (2/3 stig)

Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.